

Alþingi
Erindi nr. P 136/255
komudagur 26.11.2008



Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. nóvember 2008
RH/SLB/064/08

Efni: Tillaga til þingsályktunar um úttekt á aðgengi í gömlu íbúðarhúsnæði, 43. mál.


Vísað er til bréfs, dags. 5. nóvember 2008 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um ofangreinda þingsályktunartillögu.

Tryggingastofnun þakkar fyrir að fá að koma að umsögn vegna áðurgreindrar þingsályktunartillögu. Úttekt á mikilvægi þess að bæta aðgengi í gömlu íbúðarhúsnæði á Íslandi svo að fötluðum, öldruðum, barnafólki og öðrum sem þess þarfnast verði gert mögulegt að búa lengur í íbúðum sínum en nú er hægt eða festa kaup á hentugum íbúðum í eldra húsnæði er fyrir löngu orðið tímabær.

Í lögum um sjúkratryggingar nr. 112/2008, er kveðið á um að sjúkratryggingar taki þátt í kostnaði við öflun nauðsynlegra hjálpartækja. Hjálpartækja til að draga úr fötlun og aðstoða fatlaða við að takast á við umhverfi sitt, auka eða viðhalda færni og sjálfsbjargarviðleitni og sjálfsbjargargetu. Er hér einkum átt við styrki vegna kaupa á hjálpartækjum með það að markmiði að auðvelda fólki að takast á við athafnir daglegs lífs og til að fatlaðir geti orðið sjálfsbjarga og notið öryggis í sínu nánasta umhverfi. Má þar nefna t.d. hjólastólalyftur, sætislyftur í stiga og skábrautir svo nokkur dæmi séu nefnd. Betra aðgengi fyrir fatlaða einstaklinga og þá sérstaklega í eldra húsnæði er því brýnt verkefni og getur tvímælalaust leitt til þess að einstaklingar geti búið lengur en ella heima hjá sér ef aðstaða fyrir fatlaða er löguð að byggingareglugerð þar sem mögulegt er.

Tryggingastofnun fagnar tillögunni og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllst,


Sigríður Lilly Baldursdóttir
forsjóri

Tryggingastofnun ríkisins
Laugavegi 114
150 Reykjavík
Sími: 560 4400
Bréfsími: 560 4451
tr.is